



FVSA

FÉLAG VERSLUNAR-
OG SKRIFSTOFUFÓLKS
AKUREYRI OG NÁGRENNI

ÁRSSKÝRSLA



2022-2023

FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI

ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR OG REIKNINGAR FÉLAGSINS

AÐALFUNDUR MÁNUDAGINN 27. FEBRÚAR 2023

DAGSKRÁ

- Fundarsetning
- Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
- Reikningar félagsins lagðir fram til afgreiðslu
- Kosningar
- Lýst stjórnarkjori
- Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs FVSA
- Framlag í Vinnudeilusjóð
- Fjárfestingarstefna FVSA 2023
- Laun stjórnar, trúnaðarráðs og stjórnar Sjúkrasjóðs
- Önnur mál



FRÁ FORMANNI

KÆRU FÉLAGAR

Viðburðaríku starfsári er lokið hjá félaginu og tekur ársskýrslan á helstu atriðum í máli og myndum.

Eftir aðalfund féll félagsstarfið nokkurn veginn í réttan takt í kjölfar covid og ánægjulegt að geta eftt á ný samskipti við félagsmenn í eigin persónu. Þing og fundir voru haldnir með eðlilegum hætti, trúnaðarmannanámskeið og annað félagsstarf færðist einnig aftur í fyrra horf.

Undirbúningur að nýjum kjarasamning fór á fullt í byrjun árs 2022, en Lífskjarasamningurinn sem gerður var árið 2019 gildi til 1. nóvember 2022. Stjórn, trúnaðarráð og trúnaðarmenn unnu gott starf við gerð kröfugerðar félagsins, sem m.a. var unnin út frá niðurstöðum Gallup könnunar meðal félagsmanna. Stiklað er á helstu atriðum samningaviðræðnanna á bls. 13 í þessari skýrslu.

Undirbúningur fyrir komandi kjaraviðræður hófst haustið 2021 og vegna óvissu í efnahagsmálum var gerður stuttur samningur þar sem aðeins var samið um launaliðinn. Fjöldi funda á undirbúnings-tímabilinu nálgast hundrað, sá lengsti um 20 tímar hjá ríkissáttasemjara. Sú vinna mun nýtast í þeim viðræðum sem fram undan eru og nú þegar hefur viðræðuáætlun, sem samþykkt var samhliða kjarasamningnum, verið virkjuð.

Ég þakka félagsmönnum, starfsfólki og því góða fólki sem gegnir trúnaðarstörfum hjá félaginu fyrir ánægjulegt samstarf. Félagið mótast af þátttöku þeirra sem láta sér félagið og réttindi félagsmanna varða, góð samvinna og samtal skilar þannig árangri fyrir okkur öll.

Eiður Stefánsson, formaður FVSA.

EFNISYFIRLIT

ÁRSSKÝRSLA FVSA	6
STJÓRNIR OG NEFNDIR	7
ÞING OG FUNDIR	8
ÞJÓNUSTA	12
KJARAMÁL.....	13
TRÚNAÐARMENN	14
ORLOFSHÚS OG ORLOFSMÁL	15
STARFSMENNTASJÓÐUR.....	15
SJÚKRASJÓÐUR	16
FRÆÐSLA	17
ÖNNUR VERKEFNI.....	18
MARKAÐSMÁL.....	21
ÁRSREIKNINGUR 2022.....	23

FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI (FVSA)

Þjónustuvæði Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA) nær yfir Akureyri, Dalvíkurbyggð, hreppa Eyjafjarðarsýslu og Fjallabyggð ásamt Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahrepp í Suður-Þingeyjarsýslu.

Félagið er aðili að Alþýðusambandi Norðurlands, Landssambandi íslenskra verslunarmanna og Alþýðusambandi Íslands.

Félagsmenn eru samtals 2.436, þar af eru 420 lífeyrisþegar. Konur eru 58% af félagsmönnum. Að meðaltali greiddu 54 félagsgjöld af atvinnuleysisbótum, flest í febrúar (69) en fæst í júlí (39).

Helstu styrkir úr félagssjóði

Jólaaðstoð	600.000,- kr.
Rauði krossinn v. móttöku flóttafólks frá Úkraínu	350.000,- kr.
Aðrir styrkir	120.000,- kr.



Aðal- og varamenn í stjórn FVSA 2022-2023

Efri röð frá vinstri: Anna María Elíasdóttir, Agnes Reykdal, Eiður Stefánsson, Hulda Björnsdóttir og Stefán Jónsson.
Neðri röð frá vinstri: Halldór Óli Kjartansson, Claudia Lobindzus og Jón Grétar Rögnvaldsson.

2022-2023

STJÓRNIR OG NEFNDIR

STJÓRN FVSA

Eiður Stefánsson – Formaður
Hulda Björnsdóttir – Varaformaður
Jón Grétar Rögnvaldsson – Ritari
Halldór Óli Kjartansson – Gjaldkeri
Claudia Lobindzus – Meðstjórnandi

VARAMENN

Anna María Elíasdóttir
Agnes Reykdal
Stefán Jónsson

STJÓRN SJÚKRASJÓÐS

Eiður Stefánsson
Hafdís Pálsdóttir
Katrín Guðrún Pálsdóttir
Margrét Brynjólfssdóttir
Svanfríður Sigurðardóttir

VARAMENN

Hilda Dröfn Eichmann
Stefanía Árdís Árnadóttir
Þórdís Bjarnadóttir

FÉLAGSLEGIR SKOÐUNARMENN

Einar Hjartarson
Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir

TIL VARA

Guðmundur L. Helgason
Steinunn Hulda Marteinsdóttir

KJÖRSTJÓRN

Helga Eymundsdóttir
Helgi Sveinbjörn Jóhannsson
Sirrý Laxdal

TIL VARA

Eydís Bjarnadóttir
Jónas Þór Sveinsson

UPPSTILLINGARNEFND

Anna María Elíasdóttir
Claudia Lobindzus
Guðlaug Kristjánsdóttir

TRÚNAÐARRÁÐ

Í trúnaðarráði sitja stjórnarmenn og varamenn í stjórn félagsins auk 13 fullgildra félagsmanna. Fimm þeirra skulu kosnir eftir sömu reglum og til sama tíma og stjórn ásamt fimm varamönnum. Trúnaðarmenn kjósa auk þess árlega úr sínum hóp átta félagsmenn og fjóra til vara.

Trúnaðarráð til eins árs valið af trúnaðarmönnum

Anna Petra L. Torbjörnsdóttir - Rúmfatalagerinn
Gestur Gunnar Björnsson - N1 Hörgárbraut og Leira
H. Heimir Geirdal Jónasson - Nettó Glerártorgi
Hallveig Stefánsdóttir - Grófargil
Logi Birgisson - Bónus Naustahverfi
Sirrý Laxdal - Akureyri - Berjaya Iceland Hotel
Svanhvit Pétursdóttir - Brauðgerð Kr. Jónssonar
Örn Viðar Birgisson - BYKO

TIL VARA

Anna Hafdís Jóhannesdóttir - Kjörbúðin Dalvík
Guðlaug Kristjánsdóttir - Klettur
Jón Haraldur Lárusson - Húsasmiðjan
Karl Ólafur Steingrímsson - Olís Dalvík

Trúnaðarráð til eins árs valið af uppstillingarnefnd

Elín Anna Guðmundsdóttir - VÍS
Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen - Kjörbúðin Ólafsfirði
Kristín Hilmarsdóttir - Stapi
Ragnar Már Heinesen - Icelandair
Signý Sigurðardóttir - Álnabær

TIL VARA

Agnes Harpa Jósavinsdóttir - Enor
Hanna Sigríður Magnþórsdóttir - Bónus Langholti
Hannes Heiðar Þórólfsson - ELKO
Hjálmar Pálsson - Brimborg
Lára Pálína Jónsdóttir - Olís við Tryggvabraut

FULLTRÚAR FRÁ FÉLAGINU Í STJÓRNUM

- Eiður Stefánsson í stjórn LÍV, miðstjórn ASÍ, stjórn SVS.
- Helgi Sveinbjörn Jóhannsson í stjórn orlofsbyggðar á Illugastöðum.
- Halldór Óli Kjartansson í stjórn Símeý.
- Eydís Bjarnadóttir varamaður í stjórn Fjölsmiðjunnar.
- Hulda Björnsdóttir í stjórn ASÍ-UNG, varamaður í miðstjórn ASÍ og LÍV.



Frá vinnufundi félagsmanna þann 14. september. Félagsmönnum var skipt í fimm vinnuhópa sem fengu það verkefni að fjalla um þau stefnuskjöl sem lögð voru fyrir þing ASÍ síðar um haustið.

ÞING OG FUNDIR

FUNDIR STJÓRNAR

Alls voru haldnir átta fundir í stjórn FVSA, fundargerðir má nálgast á vef félagsins.

FUNDIR SJÚKRASJÓÐS

Alls hélt stjórn Sjúkrasjóðs FVSA þrjá fundi á árinu.

FUNDIR TRÚNAÐARRÁÐS

Sjö fundir voru haldnir í trúnaðarráði FVSA, fundargerðir má sjá á vef félagsins.

FÉLAGSFUNDIR

Alls voru haldnir þrjár félagsfundir á árinu, fundargerðir má nálgast á vef félagsins. Fundirnir voru eftirfarandi:

27. APRÍL

Kynning á niðurstöðum úr skoðanakönnun meðal félagsmanna og kröfugerð félagsins fyrir komandi kjaraviðræður.

14. SEPTEMBER

Vinnufundur um atvinnu- og kjaramál. Alls mættu 30 manns á fundinn.

19. DESEMBER

Kynningarfundur um nýjan kjarasamning og fyrirkomulag atkvæðagreiðslu.

AÐALFUNDUR FVSA 2022

Aðalfundur félagsins var haldinn mánudaginn 28. febrúar 2022. Vel var mætt á aðalfund félagsins í sal Múlabergs á Hótel Kea. Formaður félagsins, Eiður Stefánsson, setti fundinn og um fundarstjórn sá Stefanía Árdís Árnadóttir.

Kynning á ársskýrslu 2021 var í höndum formanns, þar stóð upp úr kynning á nýjum orlofseignum félagsins, góður árangur á samfélagsmiðlum og vísendingar um að heilsufar félagsmanna sé betra milli ára, en greiðslur sjúkradagpeninga voru 31,5% lægri en árið áður.

Hermann Brynjarsson, frá Enor, fór yfir reikninga félagsins fyrir árið 2021. Í máli hans kom fram að félagið standi virkilega vel og líklegt að liðið ár hafi verið það besta í sögunni hvað varðar afkomu.

Helgi S. Jóhannsson, formaður uppstillingarnefndar, lýsti stjórnarkjöri og í framhaldi kusu félagsmenn kjörstjórn, löggildan endurskoðanda og félagslega skoðunarmenn.

LAGABREYTINGAR SAMÞYKKTAR

Kynning á lagabreytingum var í höndum Jóns Grétars Rögnvaldssonar, meðstjórnanda í stjórn

félagsins. Með breytingunni öðluðust félagsmenn aukin réttindi innan Sjúkrasjóðs, þannig hækkuðu dánarbætur til greiðandi félaga í 600.000,- kr., sjúkradagpeningar verða greiddir í allt að 4 mánuði, auk þess sem stjórn Sjúkrasjóðs er nú heimilt að lengja bótatímabilið í 6 mánuði. Við hvetjum félagsmenn til þess að kynna sér breytingarnar inni á vef félagsins.

FUNDARLOK

Í fundarlok kallaði formaður upp þær Kristínu Þorgilsdóttur, Önnu Kristínu Árnadóttur og Kristínu B. Hjaltalín og þakkaði þeim fyrir vel unnin störf, en þær létu af störfum fyrir félagið á liðnu ári. Sömuleiðis þakkaði hann starfsfólki og fólki í trúnaðarstörfum hjá félaginu fyrir vel unnin störf á árinu.

Hægt er að nálgast ársskýrslu og -reikninga félagsins á vef félagsins www.fvsa.is > Um FVSA > Útgefið efni.



Anna Kristín Árnadóttir, Kristín Þorgilsdóttir og Kristín B. Hjaltalín.



Svipmyndir frá aðalfundi félagsins mánudaginn 28. febrúar 2022.

FRAMHALD 32. ÞINGS LÍV

32. Þingi Landssambands íslenskra verzlunarmanna var fram haldið þann 24. mars 2022 á Hótel Hallormsstað. Málefnavinnu hafði áður verið frestað á þingi í október 2021 þar sem þingfulltrúar komu saman á fjarfundi og afgreiddu fasta dagskrárlíði, þar með talið kjör nýrrar stjórnar LÍV.

Áhersla var lögð á kjaraviðræður og húsnæðismál á þinginu. Ályktanir af þinginu má finna á vef félagsins www.fvsa.is í frétt dagsett 28. mars 2022.

FVSA átti fjóra fulltrúa á þinginu, þau Agnesi Reykdal, Jón Grétar Rögnvaldsson, Stefán Jónsson og Eið Stefánsson, formann FVSA.

AÐALMENN Í STJÓRN LÍV 2021 - 2023

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, formaður
Kristín María Björnsdóttir, VR deild Austurland
Eiður Stefánsson, FVSA
Guðmundur Gils Einarsson, VR deild Suðurland
Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir, VR
Hjörtur Geirmundsson, Vmf. Skagafjarðar
Bryndís Kjartansdóttir, VR

VARAMENN Í STJÓRN LÍV 2021 - 2023

Jónas Yngvi Ásgrímsson, VR
Hulda Björnsdóttir, FVSA
Bjarni Þór Sigurðsson, VR
Elva Héðinsdóttir, Framsýn stéttarfélag
Jón Steinar Brynjarsson, VR
Arnþór Sigurðsson, VR
Þórhildur Ragna Karlsdóttir, VR deild Vestmannaeyja



Þrír af fjórum fulltrúum félagsins á framhaldsþingi LÍV. Frá vinstri; Agnes Reykdal, Jón Grétar Rögnvaldsson og Stefán Jónsson.

KVENNARÁÐSTEFNA ASÍ

Kvennaráðstefna ASÍ „Fitjum upp á nýtt“ var haldin dagana 7. og 8. apríl 2022 undir yfirskriftinni „Örugg afkoma og velferð kvenna“. Meginmarkmið ráðstefnunar var að efla tengslanet kvenna og styrkja konur til meiri áhrifa innan verkalyðshreyfingarinnar.

Innlegg þátttakenda, sem flutt voru á ráðstefnunni, sneru að öryggi kvenna á vinnustöðum, vanmati á vinnuframlagi kvenna, bæði launuðu og ólaunuðu, og afkomu kvenna á efri árum.

Alls sóttu um 45 konur ráðstefnuna. Félagið átti þrjá fulltrúa á ráðstefnunni; Eydísi Bjarnadóttur, Sirrý Laxdal og Maríu Rut Dýrfjörð. Þær sögðu mikinn samtakamátt og samhljóm hafa einkennt ráðstefnuna, innlegg þátttakenda voru fróðleg og umræður málefnalegar.



Þátttakendur á kvennaráðstefnu ASÍ í Borgarfirði.



Þingfulltrúar FVSA á þingi Alþýðusambands Norðurlands. Frá vinstri: María Rut Dúrfjörð, Helgi Sveinbjörn Jóhannsson, Gestur Gunnar Björnsson, Helga Guðrún Pálsdóttir, Sírý Laxdal, Eydís Bjarnadóttir, Eiður Stefánsson og Hulda Björnsdóttir.

ÁRSFUNDUR STAPA

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn miðvikudaginn 1. júní í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Fulltrúar félagsins voru Gylfi Pálsson og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson.

Gylfi Pálsson og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson voru einnig fulltrúar félagsins á fulltrúaráðsfundum Stapa sem fóru fram rafrænt miðvikudaginn 4. maí og 8. desember.

8. ÞING ASÍ-UNG

Áttunda þing ASÍ-UNG var haldið á Hótel Natura föstudaginn 16. september 2022. Yfirskrift þingsins að þessu sinni var *Fyrirmyndir komandi kynslóða - er verkalýðshreyfingin aðlaðandi starfsvettvangur?*. Sérstök áhersla var á heilbrigði og uppbyggileg samskipti auk þess sem sérstaklega var fjallað um nýliðun innan hreyfingarinnar.

FVSA átti tvo þingfulltrúa á þinginu, þau Huldu Björnsdóttur og Ragnar Már Heinesen. Á þinginu var ný stjórn ASÍ-UNG kosin og var Hulda Björnsdóttir kjörin sem varamaður.

37. ÞING ALÞÝÐUSAMBANDS NORÐURLANDS

Dagana 29. og 30. september fór fram 37. þing Alþýðusambands Norðurlands (AN). Alls sendu aðildarfélögin 77 þingfulltrúa á þingið, þar af voru sjö frá Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Þetta er í fyrsta sinn frá árinu 2019 sem aðildarfélögin koma saman og því mikið um fagnaðarfundi. Að þessu sinni var þingið pappírslaust og gafst það vel.

Dagskrá þingsins var fjölbreytt og hlýddu þingfulltrúar á kynningar frá VIRK, Kjarnafæði, Vinnu-málastofnun, trúnaðarmönnum stéttarfélaganna, Bjarg íbúðafélagi og Stapa lífeyrissjóði.

Trausti Jörundarson, formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar, fór yfir samvinnu og samstarf Alþýðusambands Norðurlands og orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum. Í framhaldinu fór fram hópavinna með þjóðfundarfyrirkomulagi. Við tók málefnalegt og gott samtal í hópunum sem endaði á kosningu um málefni samstarfsins.



Þingfulltrúar FVSA á þingi ASÍ. Frá vinstri: Stefán Jónsson, Anna María Elíasdóttir, Eiður Stefánsson, Hilda Eichman og Gestur Gunnar Björnsson.

45. ÞING ALÞÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS

Þann 10. október var 45. þing Alþýðusambands Íslands (ASÍ) sett af Kristjáni Snæbjarnarsyni, forseta ASÍ undir yfirskriftinni *Við vinnum*. Helstu málefni þingsins voru m.a. lífeyrismál og efnahagsmál auk húsnæðismála. Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni átti fimm fulltrúa á þinginu.

Á þriðja degi þingsins lagði formaður Byggiðnar, Finnbjörn Hermannsson, fram tillögu þess efnis að fresta þingi fram á vor. Deginum áður höfðu Ragnar Þór Jónsson, formaður VR, Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, og Vilhjálmur Birgisson, formaður Starfsgreinasambandsins og Verkalýðsfélags Akraness, dregið framboð sín til forystu í sambandinu til baka og gengu út af þinginu, ásamt hópi þingfulltrúa. Tillaga um að fresta þinginu var samþykkt af þingfulltrúum með 183 atkvæðum gegn 20.

Miðstjórn ASÍ hefur tekið ákvörðun um að framhald þingsins verði dagana 27. til 28. apríl.

ÞJÓNUSTA OPNUNARTÍMI

Skrifstofa félagsins er opin mánudaga til fimmtudaga frá 08:00-16:00 og föstudaga frá 08:00-13:00. Á Siglufirði reka nokkur stéttarfélag sameiginlega skrifstofu, hlutur FVSA í rekstrinum þar er 11%.

MANNAUÐUR

Starfsmenn félagsins eru fimm;

Eiður Stefánsson, formaður
Eydís Bjarnadóttir, kjaramálafulltrúi
Helgi S. Jóhannsson, afgreiðsla og
fasteignaumsjón
María Rut Dýrfjörð, markaðs- og vefmál
Stefanía Árdís Árnadóttir, bókhald

KJARAMÁL

UNDIRBÚNINGUR

Undirbúningur að nýjum kjarasamningi fór á fullt á nýju starfsári, samþykkt var að trúnaðarráð yrði samninganefnd félagsins. Félagið setti af stað skoðanakönnun meðal félagsfólks þar sem afstaða þeirra til þjónustu félagsins var könnuð, ásamt áherslum fyrir komandi kjarasamninga. Heildarúrtak var 1.538 manns og var fjöldi svarenda 648, eða 42,1% sem er nokkuð góð þátttaka.

Trúnaðarráð og trúnaðarmenn komu saman í apríl og fóru yfir niðurstöður úr könnuninni og gerðu uppkast að kröfugerð félagsins sem var svo lögð fram til umræðu á félagsfundum í Hofi miðvikudaginn 27. apríl. Eftir félagsfundinn kom trúnaðarráð saman á ný og samþykkti kröfugerð FVSA ásamt því að samþykkja að fela Landssambandi íslenskra verzlunarmanna (LÍV) samningsumboðið.

SAMNINGSVIÐRÆÐUR

Á formannafundi LÍV var samþykkt að formenn félaga og deilda innan LÍV myndu skipa samninganefnd LÍV og formaður FVSA yrði formaður samninganefndar LÍV. 24. ágúst birti LÍV og VR Samtökum atvinnulífsins (SA) kröfugerð VR og LÍV.

Í kjölfarið var gert samkomulag á milli LÍV, Starfsgreinasambands Íslands (SGS) og VR um að taka höndum saman í viðræðum við Samtök atvinnulífsins (SA) um nýjan kjarasamning. Forystufólk úr þessum samböndum hittust fimmtudaginn 27. október, í húsnæði VR til þess að stilla saman strengi og ákveða næstu skref. Von var til að samstarf LÍV, VR og SGS myndi skila auknum slagkrafti í kjarasamningaviðræðurnar, en samstarfið náði til hátt í 90 þúsund einstaklinga sem starfa á almennum vinnumarkaði innan tuttugu stéttarféлага.

Stéttarfélagin tóku ákvörðun þann 14. nóvember að vísa viðræðum VR, LÍV og SGS við Samtök atvinnulífsins til ríkissáttasemjara. Þar var fundað stíft þar til að VR lýsti yfir árangursleysi í kjaraviðræðum og sleit samtalinu.

Í kjölfarið gerði SGS samning við Samtök atvinnulífsins, en viðræður þeirra voru komnar lengra á veg en hjá LÍV. Í framhaldinu ákváðu VR, LÍV og samflot iðn- og tæknigreina að taka höndum saman í kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins.

SAMNINGAR UNDIRRITAÐUR

LÍV og VR skrifuðu undir kjarasamning við Samtök atvinnulífsins mánudaginn 12. desember 2022 og á sama tíma var undirritaður sérkjarasamningur fyrir bensínafgreiðslufólk á félagsvæði FVSA.

Samningurinn er afturvirkur og gildir frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024. Samningurinn felur í sér breytingu á launatöflum og almenna launahækkun upp á 6,75%, þó að hámarki 66.000 kr. Hagvaxtarauki sem átti að koma til greiðslu árið 2022 var flýtt og er hluti af hækkuninni. Desember- og orlofsuppbót fyrir samningstímabilið var hækkuð.

Þann 13. desember skrifuðu VR/LÍV undir samþæfilegan kjarasamning við Félag atvinnurekenda (FA) og á svipuðum tíma var undirritaður sérkjarasamningur við SA vegna Ícelandair innanlands.

ATKVÆÐAGREIÐSLA

Rafrænni atkvæðagreiðslu um kjarasamning við Samtök atvinnulífsins hófst 14. desember og stóð til kl. 12:00 þann 21. desember. Var hann samþykktur með 90,82% greiddra atkvæða. Alls voru 1.905 á kjörskrá Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, þar af nýttu 523 atkvæðisrétt sinn og kjörsókn því 27,45%. Alls samþykktu 475 samninginn, eða 90,82% þeirra sem kusu, 41 höfnuðu samningnum eða 7,84% og 7 tóku ekki afstöðu, eða 1,34%.

Atkvæðagreiðsla um nýjan samning við Félag atvinnurekenda fór fram á sama tíma og var sá samningur samþykktur með 100% greiddra atkvæða. Alls voru 36 félagsmenn FVSA sem fengu laun greidd samkvæmt þeim samningi á kjörskrá og kusu 16 þeirra öll með samningnum, eða 44,44%.

TRÚNAÐARMENN

Trúnaðarmenn gegna veigamiklu hlutverki í starfsemi félagsins og eru mikilvægur hlekkur milli félagsmanna og félagsins. Hlutverk þeirra er að gæta þess að kjarasamningar séu virtir og að ekki sé gengið á félagslegan og borgaralegan rétt starfsmanna.

TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ

Félagið býður trúnaðarmönnum að sækja trúnaðarmannanámskeið hjá Félagsskóla Alpýðu. Tilgangur námsins er að auðvelda trúnaðarmönnum að takast á við þau verkefni sem þeim eru falin, að þeir eflif sjálfstraust sitt og lífsleikni auk þess að námið stuðli að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms. Mjög góð mæting var meðal trúnaðarmanna á námskeiðin á liðnu ári, en alls sóttu ellefu trúnaðarmenn námskeið Félagsmálaskólans.

STARFSDAGUR TRÚNAÐARMANNA 2023

Starfsdagur trúnaðarmanna var haldinn þann 11. janúar 2023 eftir þriggja ára hlé. Starfsdagurinn er partur af endurmenntun trúnaðarmanna þar sem lögð er áhersla á fræðslu í bland við sjálfsefningu einstaklingsins. Öðrum sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið var einnig boðið á starfsdaginn.

Meðal dagskrárliða var fræðsla um meðvirkni á vinnustað með Sigríði Indriðadóttur frá Saga

Competence og erindi frá Aðalsteini Leifssyni sem fjallaði um hlutverk og verkefni ríkissáttasemjara. Deginum lauk á vinnustofu um nýtingu styrkleika með þeim Guðrúnu Arngrímsdóttur og Hrafnhildi Reykjalin frá Sjálfsrækt.

Á milli dagskrárliða var farið yfir starf félagsins auk þess sem trúnaðarmenn kusu átta aðalmenn og fjóra til vara í trúnaðarráð.

AÐALMENN Í TRÚNAÐARRÁÐI 2023-2024

Anna Hafdís Jóhannesdóttir - Kjörbúðin Dalvík
Anna Petra L. Torbjörnsdóttir - Rúmfatalagerinn
Elín Anna Guðmundsdóttir - VÍS
Gestur Gunnar Björnsson - N1 Hörgárbraut og Leira
Guðlaug Kristjánsdóttir - Klettur
Helga Guðrún Pálsdóttir - Nettó Glerártorgi
Örn Viðar Birgisson - BYKO
Sirrý Laxdal - Beryjaya Hotel Akureyri

VARAMENN Í TRÚNAÐARRÁÐI 2023-2024

Halldóra Konráðsdóttir - Grófargil
Hanna Sigríður Magnþórsdóttir - Bónus Langholti
Hannes Heiðar Þórólfsson - ELKO
Ragnar Már Heinesen - Icelandair



Frá vinnustofu um styrkleika á starfsdegi trúnaðarmanna.



ORLOFSHÚS OG ORLOFSMÁL

ORLOFSHÚS

Félagið á sjö íbúðir í Reykjavík og er ein af þeim leigð út sem sjúkraíbúð. Auk þess á félagið þrjú sumarhús á Illugastöðum, eitt hús í Vaglakógi og eitt sumarhús í Húsafelli sem til stendur að verði klárt vorið 2023.

Sumarið 2022 var félagið með á leigu sumarbústað í Flókalundi í Vatnsfirði á Barðaströnd og á Einarsstöðum á Héraði. Félagið skipti einnig við VR á húsi nr. 12 á Illugastöðum og húsi í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð.

Alls voru íbúðir og sumarhús hjá félaginu leigð út 731 sinni á árinu 2022, en 618 sinnum á árinu 2021. Íbúðir í Mánatúni voru leigðar út 528 sinnum á árinu, bústaðir á Illugastöðum og í Skógarseli voru leigðir út 172 sinnum og leigubústaðir 31 sinni.

ORLOFSMÁL

Haustið 2022 skrifaði félagið undir samstarfs-samning við Niceair sem veitir félagsmönnum FVSA afsláttarkjör við kaup á inneignarbréfum hjá flugfélaginu. Hver félagsmaður getur að hámarki keypt 4 miða samanlagt á hverju almannasári af eftirtöldum miðum; inneignarbréf Icelandair, inneignarbréf Niceair og gistimiða á Íslandshótel.

Félagið greiðir niður gistimiða og flugmiða um 3.000 -3.600 kr. Samtals námu niðurgreiðslur á flugmiðum frá Icelandair 972.000 kr. og frá Niceair 363.600 kr. Niðurgreiðsla á gistimiðum voru 300.100 kr.

Á árinu voru greiddir 116 orlofsstyrkir að upphæð 26.000 kr. hver styrkur, en í heildina greiddi félagið orlofsstyrki til félagsmanna fyrir 3.065.600 kr.



Frá undirritun samningsins við Niceair.

STARFSMENNTASJÓÐUR

Alls fengu 401 félagsmaður FVSA úthlutað starfsmenntastyrk árið 2022, samtals að upphæð 29.610.852 kr. og er þetta heldur lægri styrkupp-hæð en árið áður.

Styrkir úr Starfsmenntasjóði

Háskólanám	10.973.135 kr.
Framhaldsnám	2.301.511 kr.
Annað nám	11.177.878 kr.
Íslenska fyrir útlendinga	518.400 kr.
Starfstengt símenntunarnám	2.798.479 kr.
Tómstundanám	1.841.453 kr.
Samtals	29.610.856 kr.

MUNDU EFTIR STARFS-MENNTASJÓÐNUM!

Dú getur sótt um styrk fyrir námi eða tómsund og fengið allt að 90% af kostnaði endurgreiddan

Kynntu þér málið inni á www.fvsa.is



Félagið hefur kynnt Starfsmenntasjóðinn bæði með vefborðum á síðu félagsins og auglýsingum sem þessum á samfélagsmiðlum.

SJÚKRASJÓÐUR

Heildargreiðslur sjúkradagpeninga árið 2022 voru 63.627.313 kr. en árið áður 35.995.827 kr. sem er um 57% aukning milli ára og mesta aukning milli ára í greiðslu sjúkradagpeninga frá upphafi. Ástæðan er í meginráttum tvíþætt, annars vegar var tekin ákvörðun um að veita stjórn Sjúkrasjóðs heimild til að auka greiðslur sjúkradagpeninga úr fjórum mánuðum í sex, í öðru lagi voru greiðslur sjúkradagpeninga árið 2021 sögulega lágar.

Í heildina voru sjúkradagpeningar greiddir í 178 mánuði til 67 einstaklinga. Á árinu 2022 voru greiddir 1.360 styrkir til 803 félagsmanna úr Sjúkrasjóð, samtals að upphæð 25.130.331 kr.

STYRKIR ÚR SJÚKRASJÓÐ HÆKKADIR

Um áramót samþykkti stjórn Sjúkrasjóðs hækkan á styrkjum úr sjóðnum, sjá töflu yfir hækkanir hér fyrir



Stjórn Sjúkrasjóðs; Margrét Brynjólfsdóttir, Hafdís Pálsdóttir, Katrín Guðrún Pálsdóttir og Svanfríður Sigurðardóttir. Á myndina vantar Eið Stefánsson.

neðan. Jafnframt var samþykkt að hækka samlagðan hámarksstyrk á þrepi 1. úr kr. 80.000,- í kr. 120.000,- og á þrepi 2. úr kr. 36.000,- í kr. 40.000,-

Greiðslur úr Sjúkrasjóð			
	2021	2022	Mismunur
Dánarbætur	150.000 kr.	600.000 kr.	450.000 kr.
Gler	2.023.679 kr.	1.777.873 kr.	-245.806 kr.
Krabbameinsleit	429.803 kr.	335.852 kr.	-93.951 kr.
Heyrnartæki	120.000 kr.	185.000 kr.	65.000 kr.
Laseraðgerðir	165.000 kr.	68.965 kr.	-96.035 kr.
Líkamsrækt	11.178.989 kr.	12.564.706 kr.	1.385.717 kr.
Nudd utan TR	268.989 kr.	233.370 kr.	-35.619 kr.
Sálfræðiþjónusta	1.777.432 kr.	2.254.813 kr.	477.381 kr.
Glasa-/tæknifrjógungun	87.500 kr.	264.841 kr.	177.341 kr.
Sjúkranudd/hnykk	1.269.223 kr.	1.298.157 kr.	28.934 kr.
Sjúkraþjálfun	5.195.267 kr.	5.546.754 kr.	351.487 kr.
Aðrir styrkir	137.000 kr.	0 kr.	-137.000 kr.
Samtals	22.802.882 kr.	25.130.331 kr.	2.327.449 kr.

Hækkun styrkja	Prep 1			Drep 2		
	2022	Hækkun	2023	2022	Hækkun	2023
Gler	25.000 kr	35.000 kr	60.000 kr			
Krabbameinsleit	10.000 kr	1.000 kr	11.000 kr	3.000 kr	2.000 kr	5.000 kr
Heyrnartæki	25.000 kr	45.000 kr	70.000 kr	10.000 kr	2.000 kr	12.000 kr
Laseraðgerðir	55.000 kr	15.000 kr	70.000 kr			
Líkamsrækt	30.000 kr	2.000 kr	32.000 kr	18.000 kr	2.000 kr	20.000 kr
Nudd utan TR	15.000 kr	1.000 kr	16.000 kr			
Sálfræðiþjónusta	35.000 kr	2.000 kr	37.000 kr			
Glasa-/tæknifrjógungun	55.000 kr	15.000 kr	70.000 kr			
Sjúkranudd/hnykk	25.000 kr	1.000 kr	26.000 kr			

FRÆÐSLA

Eitt af lykilhlutverkum félagsins er að miðla áfram upplýsingum og vera í tengslum við sína félagsmenn. Á árinu gafst tækifæri til þess að sinna breiðu bili félagsmanna með eftirfarandi fræðsluviðburðum:

STARFSLOKANÁMSKEIÐ

Í nóvember bauð FVSA félagsmönnum að sækja starfslokanámskeið sem félagið hélt í samstarfi við SÍMEY. Námskeiðið samanstóð af fræðslu um lífeyrissjóði og sjúkratryggingar, andlegar og félagslegar hliðar þess að láta af störfum ásamt kynningum frá SÍMEY, Félagi eldri borgara, Akureyrarbæ og FVSA. Alls mættu 27 félagsmenn, þar af fjórtán konur og þrettán karlmenn. Vel var látið af námskeiðinu og sögðu þátttakendur það bæði upplýsandi og gagnlegt.



Frá starfslokanámskeiði í SÍMEY.

FRÆÐSLA FYRIR 10. BEKK

Á haustmánuðum fóru starfsmenn FVSA í heimsókn í grunnskólana á Akureyri og héldu kynningar um réttindi og skyldur á vinnumarkaði fyrir 10. bekk. Tilgangur heimsóknanna er að hvetja ungt fólk til þess að vera meðvitað um réttindi sín og skyldur, vera vakandi fyrir eigin hag, m.a. með því að þekkja megininntak kjarasamninga, launataxta, vinnutíma og veikinda- og orlofsrétt. Einnig að kynna þjónustu stéttarféлага, helstu sjóði og styrki ásamt því að hvetja krakkana til þess að leita til síns félags með spurningar.



Nemendur í Glerárskóla tóku vel á móti starfsfólki FVSA.



Frá Bifröst þar sem FVSA átti tvo fultrúa.

VERKALÝÐSSKÓLINN

Dagana 2.-4. september var Verkalýðsskólinn haldinn í fyrsta sinn á Bifröst en námskeiðið er samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst og Alþýðusambands Íslands. Á námskeiðinu var lögð áhersla á framsögn og örugga tjáningu, sögu verkalýðshreyfingarinnar, réttindi og skyldur á vinnumarkaði, kjarasamninga, fundarstjórn og samningatækni.

Tvær námsþyrstar konur frá félaginu, þær Anna Petra Torbjörnsóttir og Eydís Bjarnadóttir sóttu námskeiðið og nutu góðrar samveru við aðra þátttakendur í fallegu umhverfi Bifrastar og höfðu mikið gagn af því sem boðið var upp á.

Heldur þú utan um vinnutímann þinn?

Eru launin þín rétt reiknuð?

Skoðar þú launaseðilinn þinn reglulega?

Vefauglýsingar með fræðslu um helstu atriði sem gott er að hafa í huga á vinnumarkaði sem voru birtar ungu fólki.

ÖNNUR VERKEFNI

SAGA FÉLAGSINS Í 90 ÁR

Fyrir aðalfund félagsins 2022 var haldið útgáfuhóf í tilefni af því að saga félagsins er komin út. Aðdragandann að útgáfunni má rekja til þess að í nóvember 2016 samþykkti stjórn FVSA að skipa ritnefnd með það að markmiði að rita og varðveita sögu félagsins. Í ritnefnd voru Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Páll H. Jónsson, Kristín Þorgilsdóttir og Erla Halls. Jón Þ. Þór sá um ritun bókarinnar og Bragi V. Bergmann ritaði viðauka ásamt því að sinna ritstjórn. Um bókina segir:

Hér er rakin saga Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni allt frá stofnárinu 1930 til dagsins í dag. Sögð er saga stórfelldra þjóðfélagsbreytinga og lífskjarabyltingar. Með órjúfandi samtakamætti náðu félagsmenn smám saman að tryggja sér öll þau réttindi sem okkur þykja svo sjálfsögð í dag. Í bókinni er lýst þeim gífurlegu áhrifum sem tækniþróunin hefur haft á störf verslunar- og skrifstofufólks og þeim miklu breytingum sem orðið hafa í verslun og viðskiptum á félagssvæðinu.

Bókin er ríkulega myndskreytt yfir 500 myndum m.a. af formönnum og stjórnnum félagsins frá upphafi, auk mynda frá félagsstarfi og þróun samfélagsins í gegnum 90 ára sögu FVSA.

BÓKIN ÖLLUM AÐGENGILEG

Bókin er öllum aðgengileg rafrænt og sem hljóðbók þeim að kostnaðarlausu á vef félagsins. Auk þess geta áskrifendur hjá Storytel hlustað á bókina þar.



Saga félagsins, Sækjum við að settu marki.



Formaður félagsins, Eiður Stefánsson, afhendir ritnefnd félagsins þakkarvott. Frá vinstri: Eiður Stefánsson, Kristín Þorgilsdóttir, Erla Halls og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir. Á myndina vantar Pál H. Jónsson.



Úr útgáfuhófinu. Ívar Helgason skemmti gestum.

LEIKHÚSFERÐ

Þann 19. mars bauð FVSA félagsmönnum sem náð hafa lífeyrisaldri í leikhús á uppsetningu Leikfélags Hörgdæla á sýninguna *Í fylgd með fullorðnum*.

Alls mættu 96 þrúðbúnir félagsmenn og sameinuðust í rútur við Alþýðuhúsið. Ferðin hófst á kaffisamsæti á Þelamörk og eftir að allir höfðu gætt sér á dýrindis veitingum var haldið að Melum. Við tók lífleg og hressandi sýning sem byggir á lögum Bjartmars Guðlaugssonar, en persónur leikritsins spretta ljóslifandi fram á sviðinu úr textum hans.



Leikhúsgestir saman komnir að Melum.

1. MAÍ

Eftir tveggja ára hlé héldu stéttarfélagin við Eyjafjörð sameiginlega dagskrá í tilefni af verkalýðsdeginum. Blásið var til kröfugöngu sem gekk við undirleik Lúðrasveitar Akureyrar frá Alþýðuhúsinu, norður göngugötuna og inn að Hofi. Þrátt fyrir hráslagalegt veður var vel mætt og góð stemning meðal gesta.

Að kröfugöngu lokinni var boðið til hátíðardagskrár í Hofi. Finnur Víkingsson, formaður Rafiðnaðarfélags Norðurlands, hélt ávarp fyrir hönd 1. maínefndar stéttarfélaganna. Hátíðarræðu hélt Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður RSÍ. Vilhjálmur Bragason stýrði dagskránni og skemmtiatriði voru í höndum góðra gesta úr söngleiknum Hárinu auk Ívars Helgasonar. Að dagskrá lokinni var boðið upp á kaffiveitingar.

Boðið var upp á léttu 1. maí dagskrá í sal stéttarfélaganna að Eyrargötu 24b, Siglufirði. Flutt var ávarp 1. maínefndarinnar og boðið upp á kaffiveitingar.



Claudia Lobindzus, stjórnarmaður FVSA, var fánaberi í kröfugöngunni þann 1. maí.



Finnur Víkingsson, formaður Rafiðnaðarfélags Norðurlands, flutti ávarp stéttarfélaganna við Eyjafjörð þann 1. maí.

GALLUP KÖNNUN

Dagana 25. febrúar til 1. apríl 2022 gafst félagsmönnum tækifæri til að taka þátt í skoðanakönnun á vegum félagsins. Markmiðið var að kanna hug félagsmanna gagnvart þjónustu FVSA annarsvegar og komandi kjarasamninga hins-vegar. Framkvæmd könnunarinnar var í höndum Gallup. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á félagsfundi þann 27. apríl í Hofi.

FRAMKVÆMD

Könnunin var send á alla þá félagsmenn sem eru með netfang sitt skráð hjá félaginu, aðrir félagsmenn gátu óskað eftir þátttöku sérstaklega. Heildarúrtak var 1.538 manns og var fjöldi svarenda 648, eða 42,1%. Álíka margir svöruðu könnuninni sem gerð var árið 2018, eða 661 manns.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Þjónusta


Ef litið er á niðurstöður er varða þjónustu félagsins stendur upp úr hve marktæk og jákvæð breyting er með ánægju félagsmanna FVSA milli mælinga. Þá var tekið sérstaklega fram í kynningu Gallup að ánægjan er meiri en mælist að jafnaði í könnunum Gallup fyrir stéttarfélög (m.v. aðrar stéttarfélagskannanir sem Gallup hefur gert síðan árið 2009). Einnig kemur fram að ríflega 80% félagsmanna finnst auðvelt að leita upplýsinga eða stuðnings hjá félaginu ef á þarf að halda, sem er ánægjulegt.

Orlofshús

Í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram að fleiri félagsmenn nýta sér orlofshús- og/eða íbúðir félagsins en áður. Nýting eykst með hækkandi aldri félagsmanna. Almenn ánægja er með verðlagningu á leigu orlofskostanna, en góður meirihluti telur verðið vera hæfilegt. Þar er frátalið Skógarsel, en þar telur um helmingur svarenda leigu vera heldur háa (36,5%) eða of háa (15,8%).

Kjaramál

Í könnuninni var spurt hvað ætti að leggja mesta áherslu á gagnvart atvinnurekendum í næstu kjarasamningum. Í fjölvalsspurningu, þar sem svarendur völdu þrjú atriði af sex eftir mikilvægi, var langmest áhersla lögð á að tryggja kaupmátt, en sá valmöguleiki fékk 58,8 af 100 stigum mögulegum í mikilvægiseinkunn. Næst mest var lögð áhersla á launþáttinn; annarsvegar sérstaka hækkun



Anægja félagsmanna með þjónustu félagsins mælist há.

lægstu launa og hinsvegar við beinar launahækkunir, þar fengu báðir möguleikar tæplega 35 af 100 stigum. Þá skoruðu aukin réttindi og atvinnuöryggi næst með ríflega 21 stig hvort og að lokum fékk starfsumhverfið 7,9 stig.

Líkt og árið 2018 voru félagsmenn spurðir hvaða áherslur þeir teldu að FVSA ætti að hafa í næstu kjarasamningum um launahækkunir. Flestir félagsmenn völdu blandaða leið með prósentuhækkun með ákveðnu lágmarki og hámarki í krónum. Árið 2018 völdu hinsvegar flestir krónutöluhækkun og næst flestir blandaða leið.

